

Veldu öruggan búnað fyrir barnið



*Þörf er á ýmis konar búnaði strax við fæðingu
eða fyrstu dagana þar á eftir.
Gefðu þér góðan tíma til að velja hann
hvort heldur
þú ætlar að kaupa hann eða fá lánaðan.*

Nýr búnaður

- **Búnaður fyrir börn á að vera framleiddur í samræmi við evrópska staðla sem gilda hér á landi.**
- **Fylgdu nákvæmlega leiðbeiningum um samsetningu á búnaðnum, notkun hans og viðhald.**
- **Röng notkun eða lélegt viðhald getur orsakað slys.**

Notaður búnaður

- **Þegar notaður búnaður er fenginn að láni eða keyptur þarf að kanna vel að hann sé heill.**
- **Varasamt er að kaupa óséðan búnað.**
- **Ef búnaðurinn hefur verið tekinn í sundur verða leiðbeiningar um samsetningu hans að fylgja.**
- **Ef leiðbeiningar hafa glatast er ekki öruggt að nota búnaðinn.**
- **Fylgdu nákvæmlega leiðbeiningum um notkun hans og viðhald.**
- **Röng notkun eða lélegt viðhald getur orsakað slys.**

Barnabílstóll

Eitt það fyrsta sem verður að hafa tilbúið áður en barnið fæðist er öryggisbúnaður í bílinn. Ungbarnabílstóll (bakvísandi stóll) er framleiddur í tveimur þyngdarflokkum, 0-9 kíló og 0-13 kíló. Þar sem mörg börn hér á landi eru stór og þung miðað við aldur getur verið hagstæðara að velja stól sem ætlaður er fyrir 0-13 kíló því þá getur barnið notað hann lengur.

Pegar keyptur er nýr ungbarnabílstóll

- Þarf að prófa að festa hann í bílinn samkvæmt leiðbeiningum sem fylgja.
- Ef aka á með barnið í fleiri en einum bíl þarf að prófa að festa hann í þá alla. Bílar eru innréttaðir á mismunandi hátt og því passa ekki allir barnabílstólar í alla bíla.

Pegar notaður ungbarnabílstóll er fenginn að láni

- Ungbarnabílstóll má ekki vera eldri en 5 ára.
- Aftan á eða undir stólnum er skífa („lífsklukka“) sem sýnir hvenær stóllinn rennur út.
- Gakktu úr skugga um að stóllinn hafi aldrei lent í árekstri.
- Fáðu aldrei stól að láni sem ekki fylgja upprunalegar leiðbeiningar með.
- Yfirfarðu stólinn vel, sérstaklega beltafestingar og gakktu úr skugga um að beltin og spennan séu heil.
- Prófaðu að festa stólinn í bílinn samkvæmt leiðbeiningum.

Aldrei má hafa ungbarnastól í framsæti ef virkur öryggispúði er í mælaborði.

Ungbarnavagga og rúm

Ný vagga eða rúm

- Fylgja skal nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.

Notuð vagga

- Kannaðu vel að hliðar hennar séu heilar og að hún sé stöðug.
- Notaðu aldrei vöggju sem er brotin eða löskuð.

Notað rúm

- Fáðu aldrei rúm að láni sem ekki fylgja upprunalegar leiðbeiningar með.
- Kannaðu vel að bil á milli rimlanna sé ekki meira en 6 cm.
- Botnplata rúmsins þarf að vera vel fest og falla að rúmgrindinni.
- Allar skráfur eiga að vera vel hertar.
- Ef hjól eru undir rúmfótum þarf að vera hægt að læsa þeim.
- Gaflar rúmsins ættu ekki að hafa útskorið mynstur sem hætta er á að barnið festist í.
- Notaðu aldrei rúm sem ekki er heilt.

Dýnur í vöggur og rúm

- Dýnan á að passa vel í og ekki á að vera hægt að setja fleiri en tvo fingur milli dýnunnar og hliða vöggunnar.
- Tempur dýnur og vatnsdýnur eru alls ekki ætlaðar ungum börnum. Þær gefa of mikið eftir svo hætta skapast á að barnið „sökki“ ofan í dýnuna og slíkt getur valdið köfnun.

Ungbarnavöggju á ekki að nota nema í stuttan tíma.

Barnavagn

Mjög mikilvægt er að vanda val á barnavagni. Velja þarf vagn sem hentar íslenskum aðstæðum, s.s. veðri og hitastigi. Það er mikilvægt að vagninn haldi vatni og vindi og sé hlýr fyrir barnið. Vagnar sem eru dökkir á lit og sérstaklega þeir sem eru dökkir að innan geta hitnað mikið í heitu veðri og valdið barninu óþægindum. Ef það fylgir ekki beisli með vagninum útvegaðu þér það strax. Beisli á að nota frá fyrsta degi.

Nýr barnavagn

- Fylgja skal nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.
- Kynntu þér hámarksburðargetu vagnsins.
- Settu endurskinsmerki á vagninn.

Notaður barnavagn

- Fáðu aldrei vagn að láni sem ekki fylgja upprunalegar leiðbeiningar með.
- Kannaðu vel stöðugleika vagnsins og að allar skrúfur og festingar séu vel festar.
- Ef ekki eru festingar fyrir beisli þarf að láta setja þær í.
- Kannaðu vel að hjólin séu í lagi og að festingar þeirra séu traustar.
- Gakktu úr skugga um að bremsurnar virki.
- Á barnavagninum á að vera öryggislykkja sem tryggir að vagninn falli ekki að fullu saman ef eitthvað verður til þess að festingar á grindinni losni. Einnig þarf að vera öryggislykkja sem festir vagnstykkið á grindina svo ekki sé hætt á að það renni til á henni og detti niður.
- Settu endurskinsmerki á vagninn.

**Nota á hlífðarnet og beisli í vagna frá fyrsta degi.
Ekki setja teppi fyrir vagnopið.**

Samsettur vagn

- vagn/kerra og vagn/kerra/barnabílstóll

Nýr samsettur vagn

- Fylgja á nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.
- Geymdu leiðbeiningarnar á vísum stað því þú þarft að fylgja þeim þegar þú breytir notkun vagnsins.
- Kynntu þér hámarksburðargetu vagnsins.
- Settu endurskinsmerki á vagninn.
- Festu ungarnastólinn tryggilega á kerrugrindina.

Notaður samsettur vagn

- Fáðu aldrei vagn að láni sem ekki fylgja upprunalegar leiðbeiningar með.
- Kannaðu vel stöðugleika vagnsins og að allar skrúfur og festingar séu vel festar. Kannaðu sérstaklega vel festingar barnabílstólsins.
- Ef ekki eru festingar fyrir beisli þarf að láta setja þær í.
- Kannaðu vel að hjólin séu í lagi og að festingar þeirra séu traustar.
- Gakktu úr skugga um að bremsurnar virki.
- Á samsettum vagni á að vera öryggislykkja sem tryggir að vagninn falli ekki að fullu saman ef eitthvað verður til þess að festingar á grindinni losni. Einnig þarf að vera öryggislykkja sem festir vagnstykkið á grindina svo ekki sé hætt á að það renni til á henni og detti niður.
- Settu endurskinsmerki á vagninn.

**Nota á hlífðarnet og beisli í vagna frá fyrsta degi.
Ekki setja teppi fyrir vagnopið.**

Brjóstagjafarpúði

Nýr púði

- Fylgdu nákvæmlega leiðbeiningum um notkun og viðhald púðans.
- Veldu púða sem er með tvöföldum saum sem auðvelt er að þvo.

Notaður púði

- Fáðu aldrei púða að láni sem ekki fylgja leiðbeiningar með.
- Kannaðu vel alla sauma og að þeir séu ekki farnir að rakna upp. Ef svo er þá á ekki að nota þá.

Aldrei má nota þessa púða sem stuðning fyrir barnið hvorki í rúmi né á gólfi.

Skiptiborð

Nýtt skiptiborð

- Fylgja skal nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.
- Kynntu þér hámarksburðargetu borðsins.
- Veldu skiptiborð sem er stöðugt og með hliðum.
- Æskilegt er að velja skiptiborð með öryggisól.
- Ef skiptiborð er með baði er æskilegt að setja stama mottu í botn þess.

Notað skiptiborð

- Fáðu aldrei skiptiborð að láni sem ekki fylgja leiðbeiningar með.
- Kannaðu vel stöðugleika skiptiborðsins og að allar skráfur og festingar séu vel festar.
- Ef skiptiborð er með baði kannaðu vel að baðið sé heilt og hvað það þoli mikinn þunga. Hafðu stama mottu í botni þess.

Aldrei má líta eitt augnablik af barni á skiptiborði jafnvel þó það sé með öryggisól.

Eldvarnir á heimilinu

- Reykskynjarar eiga að vera á öllum heimilum. Æskilegt er að fá ráðleggingar hjá fagmönnum um staðsetningu þeirra. Mikilvægt er að skipta um rafhlöður í þeim reglulega, ekki sjaldnar en einu sinni á ári.
- Slökkvitæki og eldvarnateppi eiga einnig að vera á öllum heimilum. Fáðu ráðleggingar hjá fagmönnum um rétta staðsetningu og kynnið ykkur vel leiðbeiningar um rétta notkun.
- Hafið númer Neyðarlínunnar 112 við öll símtæki á heimilinu.
- Mikilvægt er að kunna rétt viðbrögð við eldsvoða. Kynnið ykkur almennar leiðbeiningar um eldvarnir.
- Setjið upp flóttáætlun og kynnið fyrir allri fjölskyldunni. Ekki geyma það þangað til það er orðið of seint.
- Gangið úr skugga um að ástand rafmagnsmála á heimilinu sé gott og standist lög um rafmagnsöryggi. Bilaðar rafmagnssnúrur og innstungur ætti að laga strax.
- Geymið eldspýtur og kveikjara þar sem börn ná ekki til.
- Skiljið ekki eftir logandi kerti í mannlausum herbergjum.
- Lítið aldrei af pottum og pönnum meðan á matseld stendur.

112

Munið að lesa bæklinginn um öryggi barna í bílum.

Viltu vita meira?

Á **www.forvarnahusid.is**

er ýmis fróðleikur um slysavarnir barna.



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heilt